



Dalamót í Mosfellsdal

Rannsóknarskýrsla

Kristinn Magnússon



Fornleifavernd
ríkisins






Gula örin vísar á svæðið þar sem rannsóknin fór fram.

INNGANGUR

Eva Þórðardóttir kom í heimsókn til Fornleifaverndar ríkisins þriðjudaginn 6. maí 2008. Erindið var að segja frá draumi sem hana dreymdi og varðaði silfur Egils Skallagrímssonar. Fyrir allmörgum árum voru Eva og eiginmaður hennar að leita sér að hentugum stað fyrir sumarhúsið. Fóru þau margar ferðir upp í Mosfellssdal þessara erinda. Þau hjónin þekktu því orðið vel til í dalnum. Ekkert varð úr áformum um að reisa sumarhús í Mosfellssveit. Nokkru eftir að þau hjónin höfðu verið tíðir gestir í Mosfellssdalnum dreymir Evu sérkennilegan draum. Eva sagði undirrituðum frá drauminum og er hann hér í endursögn hans. Evu dreymdi að hún stæði fyrir framan grasigróna tóft og horfði út dalinn. Heyrði hún þá þung hljóð að baki sér og leit við. Sá hún hvar komu fjórir stórvaxnir menn í áttina að henni. Mennirnir voru klæddir að hætti fornmanna. Mennirnir fóru framhjá Evu í draumnum og horfði hún á eftir þeim. Þegar þeir voru komnir nokkra metra frá henni stoppuðu mennirnir. Einn þeirra snéri við og gekk til Evu sposkur á svip. Þegar hann var kominn að henni benti hann niður fyrir fætur sér og sagði: „silfrið er hér“. Draumurinn var ekki lengri. Eva velti draumnum lítið fyrir sér þar til hún fór að lesa Egilssögu löngu seinna og fannst þá lýsingin á þrælum Egils eiga fullkomlega við þá menn sem hún sá í draumnum.



Svarta örin vísar á staðinn þar sem rannsóknin var gerð.

Nokkrum dögum eftir heimsókn Evu fór undirritaður ásamt henni og Kristínu Huld Sigurðardóttur forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins á staðinn þar sem Eva hitti mennina í draumnum. Eva sýndi nákvæmlega hvar maðurinn í draumnum hafði bent á að silfrið lægi grafið.

Staðurinn sem um ræðir er í Helgadal sem gengur suður úr Mosfellsdal austanverðum. Staðurinn er um 2 km suðaustur af Mosfelli þar sem Egill Skallagrímsson bjó á landskika sem nefnist Dalamót. Þar er tóftin sem lýst var í draumnum. Að sögn Guðrúnar Tómasdóttur söngkennara sem á Dalamót var húsið sem enn stendur á landareigninni og kartöflugeymsla byggð þar fyrir seinni heimstyrjöldina. Tóftin eru leifar kartöflugeymslunnar. Það var maður að nafni Haraldur sem byggði húsin. Hann bjó í Reykjavík og vann hjá Póstinum. Guðrún sem á einnig Brennholti, sem liggur að Dalamóti, og býr þar gaf Fornleifavernd ríkisins góðfúslega leyfi til að grafa könnunarskurð þar sem silfrið átti að vera grafið skv. draumi Evu Þórðardóttur. Undirritaður vill þakka Guðrúnu góð viðkynningu og fróðlegar og skemmtilegar samræður yfir kaffibolla og meðlæti.



Örin visar á staðinn framan við tóft kartöflugeymslunnar þar sem grafið var.

EGILS SAGA SKALLAGRÍMSSONAR

Eftirfarandi er frásögn Egils sögu Skallagrímssonar af því þegar Egill faldi silfursjóð sinn:

Það var á dögum Hákonar hins ríka öndverðum, þá var Egill Skalla-Grímsson á níunda tugi, og var hann þá hress maður fyrir annars sakar en sjónleysis.

Það var um sumarið, er menn bjuggust til þings, þá beiddi Egill Grím að riða til þings með honum; Grímur tók því seinlega.

Og er þau Grímur og Þórdís töluðust við, þá sagði Grímur henni, hvers Egill hafði beitt; "vil eg, að þú forvitnist, hvað undir mun búa bæn þessi."

Þórdís gekk til máls við Egil, frænda sinn; var þá mest gaman Egils að ræða við hana; og er hún hitti hann, þá spurði hún: "Er það satt, frændi, er þú vilt til þings riða? Vildi eg, að þú segðir mér, hvað væri í ráðagerð þinni."

"Eg skal segja þér," kvað hann, "hvað eg hef hugsað. eg ætla að hafa til þings með mér kistur þær tvær, er Aðalsteinn konungur gaf mér, er hvortveggja er full af ensku silfri. Ætla eg að láta bera kisturnar til Lögbergs, þá er þar er fjölmennast; síðan ætla eg að sá silfrinu, og

þykir mér undarlegt, ef allir skipta vel sín í milli; ætla eg, að þar myndi vera þá hrundningar, eða pústrar, eða bærast að um síðir, að allur þingheimurinn berðist."

Þórdís segir: "Þetta þykir mér þjóðráð, og mun uppi, meðan landið er byggt."

Síðan gekk Þórdís til tals við Grím og sagði honum ráðagerð Egils.

"Það skal aldri verða, að hann komi þessu fram, svo miklum firnum."

Og er Egill kom á ræður við Grím um þingferðina, þá taldi Grímur það allt af, og sat Egill heima um þingið; eigi líkaði honum það vel; var hann heldur ófrýnn.

Að Mosfelli var höfð selför, og var Þórdís í seli um þingið.

Það var eitt kveld, þá er menn bjuggust til rekkna að Mosfelli, að Egill kallaði til sín þræla tvo, er Grímur átti; hann bað þá taka sér hest -- "vil eg fara til laugar."

Og er Egill var búinn, gekk hann út og hafði með sér silfurkistur sínar; hann steig á hest, fór síðan ofan eftir túninu fyrir brekku þá, er þar verður, er menn sáu síðast.

En um morguninn, er menn risu upp, þá sáu þeir, að Egill hvarflaði á holtinu fyrir austan garð og leiddi eftir sér hestinn; fara þeir þá til hans og fluttu hann heim.

En hvorki kom aftur síðan þrælarnir né kisturnar, og eru þar margar gátur á, hvar Egill hafi fólgið fé sitt. Fyrir austan garð að Mosfelli gengur gil ofan úr fjalli; en það hefir orðið þar til merkja, að í bráðapeyjum er þar vatnfall mikið, en eftir það er vötnin hafa fram fallið, hafa fundist í gílinu enskir peningar; geta sumir menn þess, að Egill muni þar féð hafa fólgið. Fyrir neðan tún að Mosfelli eru fen stór og furðulega djúp; hafa það margir fyrir satt, að Egill muni þar hafa kastað í fé sínu. Fyrir sunnan ána eru laugar og þar skammt frá jarðholur stórar, og geta þess sumir, að Egill mundi þar hafa fólgið fé sitt, því að þangað er ofílega sénn haugaeldur. Egill sagði, að hann hefði drepið þræla Gríms, og svo það, að hann hafði fé sitt fólgið, en það sagði hann engum manni, hvar hann hefði fólgið.

Egill tók sótt eftir um haustið, þá er hann leiddi til bana. En er hann var andaður, þá lét Grímur færa Egil í klæði góð; síðan lét hann flytja hann ofan í Tjaldanes og gera þar haug, og var Egill þar í lagður og vopn hans og klæði.¹


¹ Snerpa.is 03.11.2011



Rannsóknarskurðurinn framan við tóftina.

RANNSÓKN 30. JÚLÍ 2010

Inngangur í tóft kartöflugeymslunnar snýr því sem næst í vestur. Framan við tóftina eru tveir stalla, hvor um sig u.þ.b. 50 cm breiðir. Torf var rist ofan af svæði sem var um 150 cm á hvorn veg í um 150 cm fjarlægð beint framan við innganginn. Rannsóknarskurðurinn var grafinn á þessu svæði beint út frá innganginum. Skurðurinn var 70 cm breiður (N-S) og 150 cm langur (V-A). Skurðurinn var grafinn niður á um 150 cm dýpi og voru gerði tveir stallar í honum þannig að auðveldara væri að komast upp úr honum. Niður á því dýpi var jarðvegur orðinn það blautur að ekki var unnt að grafa dýpra. Langsniðið norðan megin var hreinsað og teiknað.



Snið. Langhlið norðan megin.

Undir grasrótinni var einsleit rauðbrún mold niður á um 70 cm dýpi. Þar fyrir neðan tók við þétt lag. Aðallega mold en þó talsvert móaskublandað og í því voru sótflökkir. Þetta lag náði niður á um 1 m dýpi. Þar var komið niður á lag sem var blanda af mold og frekar grófum sandi (kornastærð 3-4 mm). Í þessu lagi voru líka sótflökkir. Milli þessa lags og lagsins fyrir ofan var járnútfelling í vesturenda skurðarins, ekki teiknað inn á myndina. Á um 120 cm dýpi var móbrúnt gjóskulag, um 2 cm á þykkt. Þar undir var moldarlag og undir því, á um 130 cm dýpi, var annað gjóskulag, dökkgrátt, einnig um 2 cm á þykkt. Ljósbrúnt moldarlag var undir þessari gjósku. Á um 150 cm dýpi var komið niður á dökkbrúnt mókennt moldarlag. Lagið var ríkt af lífrænum efnum og mjög blautt. Þegar grafið var niður í það seitleði vatn í gröftin svo að ekki var unnt að grafa dýpra.

Tekin voru sýni úr gjóskulögnum tveimur. Sýnin voru send til Magnúsar Á. Sigurgeirssonar jarðfræðings sem skoðaði sýnin í smásjá. Eftirfarandi er úr greinargerð Magnúsar:

Skoðuð voru tvö aðsend gjókusýni frá Dalamótum í Mosfellsbæ. Samkvæmt teikningum og ljósmyndum sem fylgdu er að öllum líkindum um forsöguleg gjóskulög að ræða sem liggja neðan mannvistarlaga/hreyfðara laga.

Efra sýni: Fokkennt efni, en með talsverðu af móbrúnni gjósku. Illa aðgreind gjóska, teygð korn og talsvert af núnum kristöllum (<3%) og bergbrotum (móberg).

Neðra sýni: Kötlugjóska, nokkuð tilfokin, illa- meðal aðgreind. Hrein gjóska, teygð korn til staðar, grá gjallkennd korn um 20 %.

Niðurstaða: Efra sýnið er líklega fok, en það neðra er úr gjóskulagi. Með hliðsjón af öðrum jarðvegssniðum sem ofanritaður hefur skoðað í Mosfellsdal og á Kjálarnesi má telja líklegt að um sé að ræða 3500 ára Kötlulag. Lagið er um 3-5 cm þykkt á þessum slóðum og áberandi í sniðum.²



Horft út rannsóknarskurðinum heim að Mosfelli. Vel sést heim að kirkjunni.

NIÐURSTAÐA

Rannsóknin sýnir að undir grasrótinni og nokkuð þykku moldarlagi, á um 70 cm dýpi, eru mannvistarleifar. Um er að ræða móðskuflekki og sótflekki í hreyfðum jarðlögum en ekki eiginleg mannvistarlög. Undir þessum lögum voru m.a. tvö lög, rík af gjósku. Magnús Á. Sigurgeirsson telur að efra lagið sé líklegast foklag með talsverðri gjósku í en það neðar sé gjóskulag, líklegast úr Kötlugosi frá því fyrir um 3.500 árum. Ef kistur Egils hefðu verið grafnar á þessum stað hefði væntanlega verið grafið í gegnum þetta gjóskulag. Gjóskulagið var heilt og óhreift í skurðinum sem sýnir að ekki hvefur verið grafið í gegnum það á þessum stað síðan það féll. Kisturnar gætu hafa verið grafnar grunnt í jarðvegin og gryfjan því ekki

² Magnús Á. Sigurgeirsson, 2011, greinargerð

náð svo djúpt að hún raskaði þessu gamla gjóskulagi. Í rannsóknarskurðinum fundust engin merki um kistur né silfur ofan við Kötlulagið. Rannsóknarskurðurinn var ekki stór en staðsettur nákvæmlega samkvæmt vísbendingum úr draumi Evu Þórðardóttur. Ekkert silfur fannst á þessum afmarkaða bletti. Það útilokar þó ekki með öllu þann möguleika að silfrið liggi grafið einhvers staðar á þessu svæði.

HEIMILDASKRÁ

Snerpa. Sótt í nóvember 2011. <http://www.snerpa.is/net/isl/egils.htm>

Magnús Á. Sigurgeirsson. (2011). Smásjárskoðun á sýnum frá Dalamótum í Helgadal – Mosfellsbæ.